

# STARFSÞJÁLFUN Á SJÚKRALIÐABRAUT STAF3ÞJ27



Starfsþjálfun sjúkraliðnema er reynslutími á heilbrigðisstofnun og stendur yfir í 16 vikur (80 vaktir) miðað við 100% starf.

Á tímabilinu öðlast nemandinn hæfni og sjálfstæði í störfum sjúkraliða undir handleiðslu reyndra sjúkraliða og hjúkrunarfræðinga.

Heimilt er að skipta starfsþjálfun niður í tvö til þrjú tímabil, en þjálfunin skal þó vera samfelld á hverju tímabili og lágmarks vinnuhlutfall ekki fara undir 60%.

Nemandi getur hafið starfsþjálfun á hand- og/eða lyflæknisdeildum í 6 vikur (30 vaktir) eftir að hafa lokið:

- HJÚK1AG05, HJVG1VG05 - Almenn hjúkrun bókleg og verkleg
- HJÚK2HM05, HJÚK2TV05 - Lyflæknis- og handlæknishjúkrun
- VINN2LS08 - Vinnustaðanám á lyflæknis- eða handlæknisdeild

Nemandi getur hafið starfsþjálfun á öldrunardeildum eftir að hafa lokið:

- HJÚK3ÖH05 - Öldrunarhjúkrun
- VINN3ÖH08 - Vinnustaðanám á öldrunarstofnun

Nemandi getur hafið starfsþjálfun á sérdeildum og öðrum deildum eftir að hafa lokið:

- HJÚK3FG05 - Samfélagshjúkrun
- VINN3GH08 - Vinnustaðanám á sérdeildum

Á starfsþjálfunartímabilum þiggur nemi laun skv. kjarasamningi Sjúkraliðafélags Íslands.

Nemandi útvegar sér starfsþjálfunarpláss og gerir námssamning við viðkomandi stofnun. Vottorð fyrir starfsþjálfunarumsókn er hjá fagstjóra Sjúkraliðabrautar.

## Námsmat

Hjúkrunardeildarstjóri sem ræður sjúkraliðanema í starfsþjálfun skal gefa honum umsögn á þar til gert eyðublað frá skólanum í lok starfsþjálfunar. Fagstjóri er tengiliður skólans og deildarstjóra/yfirmanns vinnustaðar þar sem starfsþjálfun fer fram. Þegar starfsþjálfunartímabilinu er lokið er nemandi ábyrgur fyrir því að koma umsögn um starfsþjálfun til fagstjóra sjúkraliðabrautar. Starfsþjálfun er metin 27 eininga nám.

Kennarar sjúkraliðabrautar FB  
Uppfært 07.02.2018